

Hitaveita Reykdæla, Hitaveita Þingeyjarsveitar á Stórutjörnum og tengigjald kaldavatns- og fráveitna Þingeyjarsveitar Gjaldskrá 2024

1. gr.

Hitaveita Reykdæla og Hitaveita Þingeyjarsveitar á Stórutjörnum selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari sem gildir frá og með 1. janúar 2024 fyrir orkuveitusvæði hitaveitunnar. Verð í gjaldskrá þessari er án virðisaukaskatts en virðisaukaskattur á húshitun og heimæðar hitaveitu er nú 11%. Á heimæðar kaldavatnsveitu leggst ekki vsk. Lesið er af mælum notenda í desember ár hvert með þeirri undantekningu að lesið er af mælum Laugafisks mánaðarlega.

2. gr.

Gjald fyrir afnot af hitaveituvatninu er sem hér segir:

a) Fyrir vatn 56° og heitara skv. mæli	kr. 66,08	pr. m ³
b) Fyrir vatn 51° til 55° skv. mæli	kr. 50,43	pr. m ³
c) Fyrir vatn 50° og kaldara skv. mæli	kr. 38,24	pr. m ³
d) Orkugjald Laugafisks skv. mæli	kr. 39,99	pr. m ³
e) Orkugjald á nýttu framhjárennsli	kr. 26,45	pr. m ³
f) Sundlaugar einstaklinga	kr. 31,33	pr. m ³
g) Mælagjald	kr. 3.195	pr. mánuð

Heimilt er að innheimta lokunargjald vegna vanskila eða misnotkunar. Hitaveitunni er einnig heimilt að setja búnað hjá notendum sem tryggir aðra notendur gegn óeðlilegum þrýstibreytingum og er starfsmönnum veitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

Til að njóta sérstaks gjalds vegna vatns í sundlaugar einstaklinga skulu lagnir að þeim búnar sérstökum aukamæli.

Lífeyrisþegar njóta 30% afsláttar af rúmmetragjaldi sundlaugarvatns almennings.

3. gr.

Greitt er mánaðarlega samkvæmt áætlun sem miðuð er við álestur vegna notkunar og hitastigs árið á undan og spá um vatnsnotkun komandi árs. Þar til rennslismælir hefur verið settur upp eða mælir bilar áætlar veitan vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf viðkomandi húss. Mælisstærð er ákveðin af starfsmönnum hitaveitunnar.



4. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Reykdæla, og Hitaveitu Þingeyjarsveitar á Stórutjörnum og kaldavatnsveitna Þingeyjarsveitar skal vera 233.371 kr. fyrir eina heimæð og miðast verðið við að inntakið sé að hámarki 32mm. Fari heimæðin umfram 100 metra greiðast kr. 3.694 fyrir hvern metra. Veitunum er heimilt að breyta heimæðargjaldi þessu í samræmi við breytingu á nefndri vísitölu. Gjald fyrir sérstaka hitaveitu með sérinnaki úr stofnlögn í útihús skal vera hið sama og almennt heimæðagjald.

Þá skal innheimt T-gjald (tengi-gjald) þegar lagt er í hús utan skipulagðrar íbúðabyggðar sveitarfélagsins þar sem sveitarfélagið hefur skyldur samkv. samningi. T-gjaldið skal vera 173.637 kr. fyrir heitt vatn, 95.034 kr. fyrir kalt vatn og fyrir fráveitu 81.258 kr. Öll gjöld samkvæmt grein þessari skulu bundinn breytingu á byggingarkostnaði vísitöluhússins hjá Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987 um vísitölu byggingarkostnaðar (249.102 kr/m² byggingavísitala 100 stig desember 2021).

5. gr.

Innifalið í heimæðargjöldum er lögn frá stofnæð inn fyrir vegg með stofnloka, rennslismæli og inntaksloka við hann sem eru eign veitnanna. Aðrar lagnir og búnað húsgrendar og búnað vegna hitaveitu innanhúss leggur húseigandi til og eru því eign hans.

6. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld skv. gjaldskrá þessari. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilunum veldur, hverju sinni 6.420 kr.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar þann 14.12. 2023 , staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi og birtist til efturbreytni öllum þeim sem hlut eiga að málí.

Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá fyrir Hitaveitu Reykdæla, Hitaveitu Þingeyjarsveitar á Stórutjörnum og tengigjald kaldavatns- og fráveitna Þingeyjarsveitar nr. 407/2023.

Þingeyjarsveit 10. janúar 2024

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir
sveitarstjóri
Þingeyjarsveitar